

*Fundarboðandi:* Þorvaldur H. Þórðarson (fh. Yfirdýralæknis) *Fundarstaður:* Matvælastofnun, Dalshraun 1b, Hafnarfirði

*Fundarstjóri:* Þorvaldur H. Þórðarson *Dagsetning:* 03. maí 2023

*Fundarritari:* Berglind Helga Bergsdóttir *Fundartími:* 13:00 – 14:00

*Pátttakendur:* Þorvaldur H. Þórðarson (Í staðgöngu yfirdýralæknis), Gísli Jónsson (Sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun), Berglind Helga Bergsdóttir (sérgreinadýralæknir fiskjúkdóma hjá Matvælastofnun), Guðni Magnús Eiríksson (f.h. Fiskistofu), Ásthildur Erlingsdóttir (f.h. Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum), og Guðni Guðbergsson (f.h. Hafró).

## Dagskrá

- Umsókn um heimild til að ala regnbogasilung og/eða bleikju í eldisstöð N-Lax þar sem einnig er alinn villtur lax
- Önnur mál

## Umræða

- Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna umsóknar um heimild til að ala regnbogasilung og/eða bleikju þar sem einnig er alinn villtur fiskur**

Umsókn um heimild til að ala regnbogasilung og/eða bleikju í eldisstöð N-Lax að Laxamýri þar sem einnig er alinn villtur lax: út frá fyrirbyggjandi gögnum um núverandi sjúkdómastöðu mælir Fisksjúkdómanefnd með að undanþága verði veitt með því skilyrði að stöðin verði áfram í dreifingarbanni á allan lifandi eldisfisk og hann megi ekki flytja lifandi burt úr stöðinni til áframeldis.

- Önnur mál**

Önnur mál kynnt sem gætu komið á borð nefndarinnar án umræðu og án ákvarðanartöku.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 14:00.